

Bæjarfréttir

Útvarpið í kvöld:

20.30 Lestur fornrita: Harðar saga og Hólmverja; VI. — sögulok (Guðni Jónsson prófessor). — 20.55 Tónleikar (plötur). 21.20 Erindi: Víkingaferðir og víkingakyn (Þorsteinn Guðjónsson). — 21.40 Rímnaþáttur í umsjá Kjartans Hjálmarssonar og Valdimars Lárussonar. 22.00 Fréttir og veðurfrégnir. — 22.10 „Víxlar með afföllum“, framhaldsleikrit Agnars Þórðarsonar; 9. og síðasti þáttur endurtekinn. — Leikstjóri: Benedikt Árnason. — 22.55 Tónleikar (plötur) til 23.15.

Eimskipafélag Íslands:

Dettifoss fór frá Ventspils í gær til Kotka og Reykjavíkur. Fjallfoss er í Reykjavík. Goðafoss fór frá Reykjavík í gær til New York. Gullfoss fór frá Leith í gær til Kaupmannahafnar. Lagarfoss lestar á Vestfjörðum. Reykja-foss er í Rotterdam. Tröllafoss og Tungufoss eru í Reykjavík.

Eimskipafélag Reykjavíkur:

Katla fór frá Kaupmannahöfn í gær áleiðis til Reykjavíkur. Askja fór fram hjá Skagen í gærmorgun áleiðis til Norðfjarðar.

Skipadeild SÍs:

Hvassafell fór frá Seyðisfirði 4. þ. m. áleiðis til Ventspils. Arnarfell er á Ísafirði, fer þaðan í dag til Faxaflóahafna. Jökulfell á að fara í dag frá Riga áleiðis til Íslands. Dísarfell væntanlegt til Lysekil í dag, fer þaðan til Gdynia og Riga. Litlafell er í olíuflutningum í Faxaflóa. Helgafell er í Reykjavík. Hamrafell átti að fara í gær frá Batumi áleiðis til Reykjavíkur. Thermo fór frá Stöðvarfirði 3. þ. m. áleiðis til London og Boulogne. Kare fór 29. f. m. frá Reykjavík áleiðis til New York.

Loftleiðir:

Saga kom til Reykjavíkur kl. 8 í morgun frá New York. Fór til Stafangurs, Kaupmannahafnar og Hamborgar kl. 9.30. Edda er væntanleg til Reykjavíkur kl. 19.30 í dag frá London og Glasgow. Fer til New York kl. 21.00.

Kvennadeild

Slysavarnafélagsins

í Reykjavík hvetur félagskonur til að vitja hið fyrsta um aðgöngumiða á hinn fjölbreytta afmælisfund í Sjálfstæðishúsinu. Miðarnir eru afhentir í verzlun Gunnþórunnar Halldórsdóttur.

Áheiti á Strandarkirkju:

Kr. 25 frá E. S., 50 frá B. S., 100 frá J. S.

Hafmeyjan sett í Tjörnina.

Á fundi bæjarráðs nýlega var samþykkt tillaga listaverkanefndar um að staðsetja höggmyndina Hafmeyjuna, eftir Nínu Sveinsdóttur, við suðvesturhorn Tjarnarinnar, úti í vatninu. Einnig var samþykkt önnur tillaga sömu nefndar um kaup á listvefnaði hjá frú Ester Búadóttur, til uppsetningar í Heilsuverndarstöðinni. Nefndinni var falið að sjá um kaupin. Sömu leiðis var rædd tillaga nefndarinnar um kaup á höggmyndinni Knattspyrnumenn, eftir Sigurjón Ólafsson. Ákveðið að fá umsögn Laugardalsnefndar og stjórnar íþróttasvæðanna.


Yfirlýsing.

Frjáls þjóð spyr þann 26. apríl sl.: „Í hvaða gæðaflokk er kaffisendingin, er síðast kom?“ en þar er átt við kaffisendingu, e kom með e.s. „Askja“ þann 4. apríl sl. Frjáls þjóð fullyrðir að verkamenn, sem vinna við höfnina haldi því fram, að hér hafi verið um „úr-gangshrak“ af kaffi að ræða, baunirnar hafi verið svartar og smáar. Við viljum ekki fella neinn dóm á umrædda kaffisendingu, en viljum, til þess að fyrirbyggja allan misskilning hjá viðskiptavinum okkar taka það skýrt fram, að við áttum ekkert kaffi með umræddu skipi. Loks viljum við lýsa yfir, að við flytjum alltaf inn inungis það bezta kaffi, sem hægt er að fá í Brazílu, en það er líka eina landið, sem flytja má kaffi frá. — Kaffibrennsla Blöndahls.

Listamannaklúbburinn

ræðir samsýningu listamanna. — Listamannaklúbburinn í baðstofu Naustsins

KROSSGÁTA NR. 3490:



Lárétt: 1 ...ald, 3 sérhljóðar, 5 skartgripur, 6 hraustur, 7 félag, 8 skepnu, 9 hljóð, 10 yfirganga, 12 kvæði, 13 gos..., 14 guði, 15 um heiðursmerki, 16 æti.

Lóðrétt: 1 ílát, 2 á reikningum, 3 amboð, 4 sváraði, 5 góður, 6 útl. dýr, 8 mælitækja, 9 taut, 11 ... heiður, 12 árhluta, 14 neytluhæf.

Lausn á krossgátu nr. 3489.

Lárétt: 1 láð, 3 gs, 5 Don, 6 Róm, 7 vs, 8 æaði, 9 Álf, 10 Rósa, 12 SU, 13 gat, 14 ber, 15 SR, 16 húm.

Lóðrétt: 1 los, 2 án, 3 góð, 4 smiður, 5 dvergs, 6 raf, 8 æla, 9 ást, 11 óar, 12 Sem, 14 bú.

er opinn í kvöld. Rætt verður um hina almennu listsýningu Félags íslenskra myndlistarmanna. — Umræður byrja kl. 9 stundvíslega.

Happdrætti

Háskóla Íslands.

Dregið verður í 5. flokki á laugardag. Vinningar eru 793, samtals 1.035.000 kr. Aðeins 3 söludagar eru eftir.

Veðrið í morgun.

Horfur: Norðan gola og létt-skýjað í dag, en sunnan gola og skýjað í nótt. Hiti um frostmark. — Lægð var í morgun yfir Norðurlöndum, en hæð yfir Norður-Grænlandi. Grunn lægð var að myndast á Grænlandshafi. Kaldast var í morgun á Grimsstöðum og í Möðrudal, 5 stiga frost, en hlýjast á Fagurhólsmýri, 4 stig. — Í Reykjavík var NA 2, 1. Lægstur hiti í nótt -4, en -3 niðri við jörð. — Hiti erlendis í morgun kl. 6: London 11, París 13, New York 7, Berlín 9, Hamborg 8, K.höfn 6, Stafangur 5, Stokkhólmur 3 og Þórshöfn í Færeyjum 1.

Miðvikudagur.
127. dagur ársins.

Bæjarbókasafn Reykjavíkur

Þinghóltsstræti 29A. Sími 12308
Útlán opin virka daga kl. 13—22
laugardaga 13—16, sunnud. 5—7
Lesstofa opin kl. 10—12 og 13—22, laugard. 10—12 og 13—16 sunnud. 2—7.

Útibú Hólmgarði 34 opið
mánud., miðv.d. og föstud. fyrir
börn kl. 17—19, fyrir fulloröna
mánud. kl. 17—21, miðv.d. og
föstud. kl. 17—19. — Hofsvalla-
götu 16 opið virka daga nema
laugard. kl. 6—7. — Efstasundi
266, opið mánud. miðvikud. og
föstud. kl. 5—6.

Bibliulestur: Job. 42,1—6. Nú
hefur auga mitt litið þig.

VINNUSKÓLI Reykjavíkurbæjar

Vinnuskóli Reykjavíkurbæjar tekur til starfa um mánaðamótin maí—júní og starfar til mánaðamóta ágúst—september.

Í skólann verða teknir unglingar sem hér segir:

Drengir 13—15 ára incl. og stúlkur 14—15 ára incl., miðað við 15. júlí n.k.

Einnig geta sótt um skólavist drengir, sem verða 13 ára og stúlkur, sem verða 14 ára, fyrir n.k. áramót.

Umsækjendur á þeim aldri verða þó því aðeins teknir í skólann, að nemendafjöldi og aðrar ástæður leyfi.

Umsóknareyðublöð fást í Ráðningarstofu Reykjavíkurbæjar, Hafnarstræti 20, II. hæð, og sé umsóknum skilað þangað fyrir 20. maí n.k.

Ráðningarstofa Reykjavíkurbæjar.

GÓLFTEPPI

ULLAR-GÓLFTEPPI

margar stærðir.

HAMP-GÓLFTEPPI

mjög falleg og ódýr, margar stærðir.

COCOS-GÓLFTEPPI

margar stærðir.

ULLAR-GANGADREGLAR

70 og 90 cm.

HAMP-GANGADREGLAR

90 cm.

GOBLIN-GANGADREGLAR

BADMOTTUR

GÜMMIMOTTUR

GEYSIR H. F.

Teppa og dregladeildin, Vesturgötu 1.

Ríkisstjórnin tekur 49 millj. kr. lán vestan hafs.

Fær landbúnaðarvörur, sem verða seldar hér.

Laugardaginn 3. maí var veitinga vegna innlendra framgerður samningur við Bandaríkin um kaup á bandarískum landbúnaðarafurðum gegn greiðslu í íslenskum krónum. Samninginn undirrituðu Gylfi Þ. Gíslason, settur utanríkisráðherra, og Theodore B. Olson, sendifulltrúi Bandaríkjanna.

Hér er um að ræða samskonar samning og gerður var í apríl 1957, en samkvæmt honum hafa verið keyptar til landsins landbúnaðarafurðir frá Bandaríkjunum fyrir um 44 milljónir króna. Í nýja samningnum er gert ráð fyrir að keyptar verði eftirtaldar afurðir fyrir 3 milljónir dollara eða 49 milljónir króna:

Hveiti,
Bómmull,
Máis, maísmjöl,
Bygg,
Tóbak,
Þurrkaðir og niðursoðnir ávextir.

Andvirði afurðanna verður að talsverðu leyti varið til lán-

(Frá ríkisstjórninni).

Landbúnaður kommúnista í ólestri.

Aðstoðar-landbúnaðarráðh. í Austur-Þýzkalandi, Elbert að nafni, sætir harðri gagnrýni í einu flokksblaði kommúnista. Er hann og samstarfsmenn hans sakaðir um ýmis mistök í meðferð framleiðslumála landbúnaðarins o. fl.

Landbúnaður Austur-Þýzkalands hefur ekki heppnast sem best við stjórn kommúnista og bitnar það að sjálfsögðu á þeim, sem með yfirstjórn landbúnaðarmála fara, þótt skipulaginu og ófrelsinu megi um keana.

Minnisbláð almennings

Árdegisflæði
kl. 8.00.

Slökkvistöðin
hefur síma 11100.

Næturvörður.
Vesturbæjar Apótek, sími 2-22-90

Lögregluvarðstofan
hefur síma 11166.

Slysavarðstofa Reykjavíkur
í Heilsuverndarstöðinni er opin allan sólarhringinn. Læknarvörður L. R. (fyrir vitjanir) er á sama stað kl. 18 til kl. 8. — Sími 15030.

Ljósatími
bifreiða og annara ökutækja í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur verður kl. 22.45—3.05.

Tæknibókasafn I.M.S.I.
í Iðnskólanum er opið frá kl. 1—6 e.h. alla virka daga nema laugardaga.

Listasafn Einarssonar
Hnithjörgum, er opið kl. 1.30—3.30 á sunnud. og miðvikud.
Landsbókasafnið
er opið alla virka daga frá kl. 10—12, 13—19 og 20—22, nema laugardaga, þá frá kl. 10—12 og 13—19

Þjóðminjasafnið
er opið á þriðjud., fimmtud. og laugard. kl. 1—3 e. h. og á sunnudögum kl. 1—4 e. h.